

**GREINARGERÐ MEÐ SÁTTARTILLÖGU**  
**RAPYD FINANCIAL NETWORK (2016) LTD.**  
**VEGNA KAUPA Á VALITOR HF.**

21. janúar 2022

Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar samruna Rapyd Financial Network (2016) Ltd. („**Rapyd**“) og Valitor hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, 220 Hafnafjörður („**Valitor**“). Samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins virðist ljóst að samruninn leiði annaðhvort til verulegrar styrkingar á mögulegri markaðsráðandi stöðu Valitor eða að samruninn leiði til afgerandi markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags á markaði málsins í heild. Rapyd er reiðubúið að undirgangast skilyrði sem miða að því að efla og vernda virka samkeppni í færsluhirðingu á sölustað hérlendis og færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum (ISK) („**markaður málsins**“), og bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem myndi annars leiða af samrunanum. Í þessari greinargerð verður vísað til Rapyd, Rapyd Europe hf. („**Rapyd Europe**“) og Valitor sameiginlega sem „**samrunaaðila**“.

Nánar tiltekið skuldbindur Rapyd sig til þess að undirgangast skilyrði er lúta að skipulagi markaðar málsins (e. *structural remedy*) og selja nægilegt magn viðskiptasamninga (miðað við færsluhirta veltu) til sterks kaupanda þannig að kaupandi samninganna hefji samkeppni á markaðnum með sambærilega markaðshlutdeild og Rapyd Europe hafði fyrir samrunann, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til þess að keppa af krafti á markaði málsins.

Þannig skuldbindur Rapyd sig m.a. til eftirfarandi aðgerða:

1. Tryggja að sameinað félag verði ekki markaðsráðandi:

Rapyd skuldbindur sig til þess að selja samninga á markaði málsins sem leiðir til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila fer niður fyrir tiltekinn þröskuld, sem tekur tillit til sjónarmiða Samkeppniseftirlitsins. Þessum aðgerðum er ætlað að hafa langvarandi áhrif á samkeppnisgerð markaðar málsins.

Sameinuðu félagi verður þannig óheimilt að endurnýja samningssamband við selda söluaðila í tiltekinn tíma frá samþykki Samkeppniseftirlitsins á samrunanum. Enn fremur mun val á kaupanda, auk afmörkunar og afhendingar á hinu selda, tryggja að breyting á markaðsgerð efla samkeppni í verðum og þjónustuúrvali gagnvart söluaðilum til frambúðar.

Með þessum aðgerðum er brugðist við því frummati Samkeppniseftirlitsins að eftir samrunann verði samrunaaðilar í markaðsráðandi stöðu á markaði málsins. Að auki eru langtímaáhrif þeirra breytinga á markað málsins sem skilyrðin leiða af sér tryggð eins vel og kostur er, líkt og nánar er útskýrt í greinargerð þessari.

2. Framsál viðskiptasamninga mun engin neikvæð áhrif hafa á rekstur söluaðila: Rapyd skuldbindur sig til að tryggja hnökralausa afhendingu hins selda. Frá samþykki Samkeppniseftirlitsins

á samrunanum og þar til kaupandi er reiðubúinn að taka við hinu selda skuldbindur Rapyd sig til að þjónusta þá samninga við söluaðila sem tilheyrja hinu selda.

- i. Í fyrsta lagi mun sérgreint og afmarkað þjónustuteymi, sem skal innihalda hæfilegan fjölda starfsmanna m.v. umfang og eðli hins selda („**lykilstarfsmenn**“), tryggja samkeppnishæfni hinna seldu samninga og að söluaðilum bjóðist fullt þjónustustig á tímabilinu þannig að söluaðilar finni engan mun á gæðum eða eðli þjónustu nema þá til hins betra. Einvörðungu lykilstarfsmenn, sem kaupanda stendur til boða að fylgi hinu selda, munu sjá um samskipti við seljanda og söluaðila, sem færast yfir til kaupanda. Að sama skapi munu einungis lykilstarfsmenn hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um þóknarir gagnvart söluaðilum og önnur kjör hinna seldu samninga á tímabilinu. Þannig verður hinum seldu samningum haldið aðgreindum frá starfsmönnum þeirra rekstrareininga sem ekki verða seldar, sbr. gr. 4.4. í skilyrðunum.
- ii. Í öðru lagi mun teymi sérvalinna starfsmanna sameinaðs félags, sem afmarkað verður í samráði við Samkeppniseftirlitið, sjá um nauðsynlega stoðþjónustu á afhendingar-tímabilinu til þess að tryggja hnökralausa þjónustu við söluaðila („**sérvaldir starfsmenn**“). Skjaldborg verður slegið utan um upplýsingar um hina seldu samninga, sem þessir sérvöldu starfsmenn sameinaðs félags fá vitneskju um á afhendingar-tímabilinu, og tryggt að þær verði ekki nýttar í rekstri samrunaaðila, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja þjónustu við hina seldu samninga. Ítrekað er að slíkir sérvaldir starfsmenn fá ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga á tímabilinu.
- iii. Í þriðja lagi munu starfsmenn samrunaaðila, aðrir en lykilstarfsmenn og sérvaldir starfsmenn, ekki fá neinar upplýsingar um hina seldu samninga á tímabilinu. Þá verða þeir ekki í neinum samskiptum við kaupanda eða söluaðila sem teljast til hins selda.



Með þessum aðgerðum eru tvö af meginmarkmiðum skilyrðanna uppfyllt að mati samrunaaðila. Annars vegar er tryggt að framsal viðskiptasamninga hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir söluaðila og að rekstur þeirra verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Hins vegar er öryggi og afmörkun viðkvæmra upplýsinga tryggt á tímabilinu frá samþykki samrunans til afhendingar seldra samninga.

3. Samsetning seldra viðskiptasamninga tryggir styrk og samkeppnishæfni kaupanda:

Rapyd skuldbindur sig til að tryggja að safn viðskiptasamninga verði valið af hlutlausum aðila þannig að fjölbreytt safn söluaðila, þ.e. hvað varðar stærð, framlegð og rekstrategund, verði framselt. Safn söluaðila mun vera hlutlaus þverskurður af safni þess samrunaaðila sem þjónustaði samningana fyrir samrunann, sem aftur mun endurspegla hefðbundið viðskiptamannasafn á markaði málsins.

Með þessum aðgerðum er brugðist við sjónarmiðum Samkeppniseftirlitsins þess efnis að tryggt sé að samningar séu ekki handvaldir af tilkynnanda sem myndi leiða til þess að kaupandi gæti ekki keppt á skilvirkan hátt á markaði málsins með varanlegum hætti.

4. Komið verður í veg fyrir afhendingu og nýtingu viðkvæmra viðskiptaupplýsinga um selda samninga á milli samrunaaðila:

Rapyd skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að sá samrunaaðili sem ekki selur frá sér samninga öðlist ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu viðskiptasamninga. Þannig mun Rapyd tryggja aðgangsstýringu að kerfislegum upplýsingum um selda samninga áður en starfsmenn þess samrunaaðila sem ekki selur frá sér samninga fær aðgang að kerfum seljanda samninganna.

Þessum aðgerðum er ætlað að tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um þóknarir söluaðila og önnur kjör berist ekki á milli starfsmanna samrunaaðila í kjölfar samrunans. Kaupandi geti því hafið samkeppni á jöfnum grundvelli, þar sem aðgerðirnar verndi stöðu kaupanda á markaði málsins.

5. Kröfur um eiginleika kaupanda tryggja langvarandi áhrif skilyrðanna:

Rapyd skuldbindur sig til þess að selja samningana einungis til aðila sem búa yfir nægilegum fjárhagsstyrk, þekkingu og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkan samkeppnisaðila í samkeppni við samrunaaðila og aðra keppnauta. Við val á kaupanda telur Rapyd mestu máli skipta að viðkomandi sé líklegur til að viðhafa virka verðsamkeppni og bjóða kaupmönnum samkeppnishæfa þjónustu til langs tíma með það að markmiði að stækka og eflast á markaði málsins. Auk þess sem nægilegur fjárhagsstyrkur og hvati til að viðhalda samkeppnishæfni skiptir miklu máli fyrir samkeppnisþrýsting til framtíðar litið.

Rapyd er að ljúka við sölu á hinu selda til aðila sem uppfyllir ofangreint, auk annarra kaupendakrafna sem fram koma í 3. kafla tillagna Rapyd að skilyrðum, en væntur kaupandi er leiðandi afl á íslenskum fjártæknimarkaði og munu kaupin efla stöðu hans enn frekar. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

6. Samningur um tækniþjónustu:

Óski kaupandi eftir því að hefja samkeppni á markaði málsins með því að einbeita sér alfarið að þjónustu við söluaðila í sínum færsluhirðingarekstri og nýta færsluhirðingarvinnslu frá þriðja aðila, er Rapyd reiðubúið að veita kaupanda þá þjónustu tímabundið. Þetta rekstrarfyrirkomulag í færsluhirðingarekstri hefur aukist gríðarlega að undanfögnu og hafa þekktir erlendir aðilar, líkt og Stripe, Mollie og Klarna, byggt upp þjónustu sína og viðskiptamannahóp með notkun sambærilegs fyrirkomulags með góðum árangri. Þannig er þetta fyrirkomulag alþekkt og algengt á þessu sviði greiðsluþjónustu. Allir þeir innlendu aðilar sem hafa sýnt safni söluaðila áhuga kjósa að hefja samkeppni með þessum hætti og hefur Rapyd því ráðist í mikla vinnu til að tryggja samkeppnishæfni kaupanda, kjósi kaupandi að nýta Rapyd sem þjónustuveitanda í slíku fyrirkomulagi, a.m.k. til þess að byrja með.

Rapyd skuldbindur sig því til að veita kaupanda þjónustu, sbr. gr. 5.1. í skilyrðum, á samkeppnishæfum kjörum. Þá skuldbindur Rapyd sig til að tryggja að samrunaaðilar fái ekki nokkurt samkeppnisforskot vegna slíkrar þjónustu. Slíkt verður tryggt með eftirfarandi hætti:

- i. Í fyrsta lagi mun samkeppnisrekstur þjónustuveitanda fara fram innan starfssviðs („**Rapyd Iceland**“) sem verður aðskilið frá öðrum starfssviðum sameinaðs félags. Þannig mun sölu- og þjónustuteymi þjónustuveitanda vegna færsluhirðingarþjónustu fyrir íslenska söluaðila ekki hafa aðgang að neinum trúnaðarupplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu [trúnaðarmál] fyrir kaupanda. Enn fremur munu starfsmenn Rapyd Iceland ekki fá upplýsingar um þóknunir og kjör sameinaðs félags til kaupanda skv. samningi um tækniþjónustu.
- ii. Í öðru lagi mun einungis afmarkaður hópur starfsmanna þjónustuveitanda sjá um öll samskipti við kaupanda á gildistíma samnings um tækniþjónustu („**kaupendateymið**“). Samskipti við söluaðila kaupanda verða þó alfarið í höndum kaupanda.


Kaupendateymið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda, og berast í tölvukerfi samrunaaðila frá viðkomandi kortakerfum, til að tryggja fulla þjónustu við kaupanda. Kaupendateyminu skal vera óheimilt að deila slíkum upplýsingum með öðrum starfsmönnum samrunaaðila, sem ekki hafa aðgang að slíkum upplýsingum.

Kaupendateymið mun ekki hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilapóknunir og önnur kjör kaupanda til söluaðila. Hafni kaupandi því að lykilstarfsmenn (einn eða fleiri) fylgi hinu seldu við afhendingu geta slíkir starfsmenn orðið hluti kaupendateymis, að aðgættum viðeigandi ráðstöfunum.

- iii. Í þriðja lagi mun stoðþjónusta verða veitt af sérvöldum starfsmönnum, sem hafa einungis aðgang að brotakenndum upplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitaefni. Hverjum og einum sérvöldum starfsmanni skal óheimilt að deila slíkum upplýsingum með öðrum starfsmönnum samrunaaðila en kaupendateymi.

- iv. Í fjórða lagi munu starfsmenn samrunaaðila, aðrir en kaupendateymið og sérvaldir starfsmenn, ekki fá neinar trúnaðarupplýsingar um hina seldu samninga á tímabilinu. Þá verða þeir ekki í neinum samskiptum við kaupanda vegna þjónustunnar.

#### Yfirlitsmynd yfir fyrirkomulag



Þannig verður tryggt á þjónustutímanum að þeir starfsmenn þjónustuveitanda, sem í starfi sínu gætu nýtt trúnaðarupplýsingar um rekstur kaupanda til að afla samkeppnisforskots fyrir sameinað félag, hafi ekki aðgang að neinum upplýsingum um rekstur kaupanda. Þannig verður sölu- og markaðsteymi Rapyd Iceland afmarkað starfssvið og háð kínverskum rekstrarveggjum og aðgangsstýringum að tölvukerfum. Enn fremur verður tryggt að þær trúnaðarupplýsingar sem berast öðrum starfssviðum samrunaaðila, þ.e. kaupendateymi og að afmörkuðu leyti sérvöldum starfsmönnum, verði ekki nýttar í rekstri samrunaaðila nema að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja þjónustu við hina seldu samninga. Nákvæmir verkferlar varðandi aðgangsstýringu að upplýsingum um viðskiptasamninga kaupanda verða kynntir fyrir Samkeppniseftirlitinu.

Þannig er Rapyd reiðubúið að vera þjónustuaðili kaupanda í þrjú til fimm ár eftir afhendingu hins selda (háð mati og ákvörðun kaupanda hverju sinni), eða þar til (i) kaupandi kýs að koma sér upp eigin færsluhirðingavinnslu eða (ii) gera samning við annan þjónustuveitanda. Þannig tryggir samningurinn annars vegar örugga yfirfærslu og áframhaldandi þjónustu gagnvart þeim söluaðilum sem framseldir eru, og hins vegar að kaupandi geti boðið færsluhirðingu með einföldum hætti til söluaðila hérlendis sem að mati Rapyd leiðir til þess að kaupandi getur hafið starfsemi á markaði af krafti og einbeitt sér að því að viðhalda og auka markaðshlutdeild.

Með þessum aðgerðum kemur Rapyd til móts við hagsmuni þeirra aðila sem vilja hefja samkeppni í færsluhirðingu á grundvelli (i) sterkrar markaðshlutdeildar, (ii) fjölbætts viðskiptamannasafns, (iii) þjónustusamnings um færsluhirðingarvinnslu og (iv) áherslu á uppbyggingu og tengsl við söluaðila, a.m.k. í fyrstu. Enn fremur tryggja aðgerðirnar svokallaða kínverska rekstrarveggi og aðgangsstýringar sem útiloka hvers konar samkeppnisforskot samrunaaðila á grundvelli upplýsinga um rekstur kaupanda.

7. Eftirlit og umsjón óháðs aðila:

Á grundvelli sáttarinnar verður óháður kunnátumaður skipaður sem ætlað er að fylgja eftir og hafa eftirlit með þeim aðgerðum og fyrirmælum sem kveðið er á um í sáttinni.

Lokaorð

Að mati Rapyd eru skilyrðin sem félagið er reiðubúið að undirgangast og fylgja með greinargerð þessari til þess fallin að mæta sjónarmiðum Samkeppniseftirlitsins um samkeppnisleg áhrif samrunans. Sérstaklega telur Rapyd að:

- (i) í ljósi markaðshlutdeildar samrunaaðila eftir söluna verði ný markaðsmynd fjölbreytt, kvik og til þess fallin að leiða af sér frekari breytingar á markaði sem hefur sögulega séð verið einsleitur héraendis;
- (ii) samsetning og afhendingarmáti hins selda geri kaupanda kleift að keppa á skilvirkan hátt á markaði málsins með varanlegum hætti, og leiðir fyrirkomulag sölu hins selda af sér hvata fyrir kaupanda til að stækka á markaði málsins;
- (iii) fyrirkomulag og efnisinntak skilyrðanna leiðir til þess að unnt er að innleiða skilyrðin á skömmum tíma með skilvirkum hætti; og
- (iv) skuldbindingar á afhendingartímabilinu eru þess eðlis að umfangi og tímalengd að þær leiða til þess að kaupandi getur hafið rekstur hins selda af krafti og með tilheyrandi árangri.

20. janúar 2022

**DRÖG RAPYD AÐ SÁTT VIÐ SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ**  
**vegna kaupa Rapyd Financial Network (2016) Ltd. á Valitor hf.**

Með vísan til 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 („samkeppnislög“) undirgengst Rapyd Financial Network (2016) Ltd., skráð í Ísrael með skráningarnúmer 515410439, og með skráð aðsetur að 121 Menachem Begin St., Tel Aviv, Ísrael („Rapyd“) („tilkynnandi“) eftirfarandi skilyrði („skilyrðin“) gagnvart Samkeppniseftirlitinu með það fyrir augum að leysa með fullnægjandi hætti samkeppnisleg vandamál sem annars kynnu að hljótask af samruna Valitor hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, 220 Hafnafjörður („Valitor“) og Rapyd („samruninn“). Í þessari sátt verður vísað til Rapyd, Rapyd Europe hf. („Rapyd Europe“) og Valitor sameiginlega sem „samrunaaðila“.

## 1. Skilgreiningar

1.1 Að því er varðar skilyrðin hafa eftirfarandi hugtök þá þýðingu sem hér er getið:

**Afhending:** yfirfærsla á eignarhaldi yfir hinu selda til kaupanda.

**Færsluhirðingavinnsla:** Tæknilegt vinnsluferli viðskiptafærslna út frá söluaðilahlið viðskiptanna sem felur í sér kerfislega færsluvísun til úrvinnsluaðila útgefanda og færsluheimildarathugun.

**Gildistaka:** sá dagur sem Samkeppniseftirlitið samþykkir samrunann með skilyrðum.

**Hagsmunaárekstur:** hagsmunaárekstur sem skerðir hlutleysi og sjálfstæði óháðs kunnáttumanns við störf hans samkvæmt skilyrðunum.

**Hið selda:** eins og hugtakið er skilgreint í grein 2.2 og tilkynnandi skuldbindur sig til að selja.

**Kaupandi/kaupendur:** aðili/aðilar sem Samkeppniseftirlitið samþykkir sem kaupanda/kaupendur að hinu selda, í samræmi við skilyrði greinar 3.1.

**Kaupendateymi:** afmarkaður hópur starfsmanna samrunaaðila sem (i) sér að öllu leyti um bein samskipti við kaupanda á tímabili samnings um tækniþjónustu og (ii) hefur aðgang að öllum upplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda, til að tryggja fulla þjónustu við kaupanda að hinu selda samkvæmt samningi um tækniþjónustu.

**Kortakerfisleyfi:** leyfi frá viðkomandi kortakerfi.

**Lykilstarfsmenn:** þjónustuteymi sem nauðsynlegt er til að viðhalda samkeppnishæfni hins selda.

**Óháður kunnáttumaður:** einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem eru samþykktir af Samkeppniseftirlitinu og skipaðir af tilkynnanda, og ber skylda til að fylgjast með því að

samrunaaðilar fylgi þeim skilyrðum og skyldum sem koma fram í sátt við Samkeppniseftirlitið vegna samrunans.

**Sérvaldir starfsmenn:** teymi sérvaldra starfsmanna samrunaaðila, sem afmarkað verður í samráði við Samkeppniseftirlitið, sem mun fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hina seldu samninga til að tryggja óslitinn rekstur hins selda á afhendingartímabilinu og samkvæmt samningi um tækniþjónustu, í samræmi við skilyrðin.

**Tengd félög:** fyrirtæki undir yfirráðum samrunaaðila og/eða móðurfélaga samrunaaðila skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

**Trúnaðarupplýsingar:** viðskiptaleyndarmál, viðskiptaupplýsingar eða aðrar upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar almenningi.

**Viðkomandi kortakerfi:** alþjóðlegu kortakerfin, Mastercard International og Visa International, sem tilkynnandi er aðalleyfishafi hjá.

## 2. Lýsing skilyrðanna

- 2.1 Til þess að tryggja að samruninn samræmist samkeppnislögum undirgengst tilkynnandi skilyrði sem fela einkum í sér sölu á fjölpættu safni færsluhirðingarsamninga úr fórum samrunaaðila til hæfs kaupanda/hæfra kaupenda.
- 2.2 Hið selda mun innihalda eftirfarandi eignir („**hið selda**“):
  - Samninga við viðskiptamenn á markaði málsins, sem varðar færsluhirðingu á sölustað á Íslandi og færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum (ISK), á milli [trúnaðarmál] og söluaðila með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi (sala á vörum og/eða þjónustu á Íslandi, ásamt samsvarandi gögnum og skráum um söluaðila); og
  - Lykilstarfsmenn, nema kaupandi óski sérstaklega eftir því að starfsmennirnir fylgi ekki með.
- 2.3 Hið selda felur í sér framsal samninga við söluaðila á markaði málsins að umfangi sem leiðir til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila verður [trúnaðarmál]% og hafa söluskilyrðin því í för með sér að samanlögð markaðshlutdeild Valitor og Rapyd minnkar meira en sem nemur núverandi hlutdeild Rapyd.
- 2.4 Til þess að ganga úr skugga um að til verði nýr og sterkur samkeppnisaðili verður leitast við að tryggja að selt safn samninga verði fjölpætt. Hið selda mun þannig samanstanda af safni söluaðila sem hefur sambærilega eiginleika og núverandi viðskiptamannasafn [trúnaðarmál] á markaði málsins, þ.e. hvað stærð, framlegð og rekstrartegund varðar. Þá verður leitast við að notast við hlutlæga mælikvarða við ákvörðun hins selda, með það fyrir augum að tryggja hæfum kaupanda styrk og áðurnefnda fjölbreytni.

### Tilfærsla söluaðila

- 2.5 Komi til þess að söluaðilar neiti að samþykkja framsal síns samnings til kaupanda, skuldbindur tilkynnandi sig til að tryggja að skilyrðin hafi samt sem áður tilskilin áhrif á skipulag markaðar málsins með eftirfarandi hætti.



- 2.6 Ef minna en [trúnaðarmál]% af hinu selda verður framselt til kaupanda við afhendingu (eða afhendingu síðasta hluta hins selda, eigi afhending sér stað í fleiri skrefum en einu), vegna tilviks skv. grein 2.5, skuldbindur tilkynnandi sig til þess framselja annan eða aðra sambærilega samninga (út frá færsluhirtri veltu og framlegð). Val á söluaðila verður á valdi kaupanda til þess að tryggja hlutlægni í ákvörðun safnsins sem tilheyrir hinu selda.
- 2.7 Ef [trúnaðarmál]% eða meira af hinu selda hefur yfirfærst við afhendingu (eða afhendingu síðasta hluta hins selda, eigi afhending sér stað í fleiri skrefum en einu), vegna tilviks skv. grein 2.5, skuldbindur tilkynnandi sig til þess að segja upp eða afla uppsagnar, í samræmi við lagaleg skilyrði og samningsskuldbindingar, færsluhirðingarsamningum [trúnaðarmál], þ.e.a.s. við þá söluaðila sem nema [trúnaðarmál]% af hinum seldu samningum, og falla undir grein 2.5.

#### Bann við enduröflun söluaðila

- 2.8 Til þess að stuðla að viðvarandi áhrifum skilyrðanna, skulu samrunaaðilarnir, á [trúnaðarmál] ára tímabili eftir afhendingu, hvorki öðlast bein né óbein yfirráð (skilgreind skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga) yfir hinu selda, í heild eða að hluta. Þá skulu þeir sérstaklega (i) gefa sölumönnum fyrirmæli um að hafa ekki beint samband við og (ii) gera hvorki samninga við né skrá í viðskiptakerfi viðskiptasambönd sem eru hluti af hinu selda. Framangreint á ekki við ef tilkynnandi leggur fram rökstudda beiðni og Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að markaðsgerðin hafi breyst með slíkum hætti að bann við yfirráðum yfir hluta eða heild hins selda, sem samrunaaðilar vilja gera samning við og skrá í viðskiptakerfi, sé ekki lengur nauðsynlegt til að tryggja að samruninn samræmist samkeppnislögum. Tilkynnandi getur lagt fram slíka rökstudda beiðni vegna einstaka söluaðila eða til frambúðar, þ.e. ef markaðsgerðin hefur breyst umtalsvert frá dagsetningu þessarar sáttar.

#### Bann við endurráðningu lykilstarfsmanna

- 2.9 Samrunaaðilar skuldbinda sig, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, til að endurráða ekki og tryggja að tengd félög ráði ekki, lykilstarfsmenn sem fylgja hinu selda í [trúnaðarmál] ár frá afhendingu.

### **3. Kröfur til kaupanda/kaupanda**

- 3.1 Val á kaupanda/kaupendum er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og því að hver kaupandi uppfylli neðangreind skilyrði (sameiginlega „**kaupandakröfur**“):
- kaupandi skal vera sjálfstæður og ótengdur samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim;
  - kaupandi skal búa yfir nægilegum fjárhagslegum styrk, þekkingu og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkan samkeppnisaðila í samkeppni við samrunaaðila og aðra keppinauta;
  - kaupandi skal vera með nægilega stönduga bakvinnslu og hafa nauðsynleg starfsleyfi/geta nýtt starfsleyfi útgefið í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til starfa á Íslandi; **EÐA** skal hafa gert samning við aðila sem er með starfsleyfi sem gerir kaupanda kleift að þjónusta hið selda; og

- d) kaup kaupanda á hinu selda mega hvorki vera líkleg til að skapa ný samkeppnisleg vandamál, né stefna tímanlegri innleiðingu skilyrðanna í hættu. Nánar tiltekið, verður að mega ætla að kaupandinn geti aflað nauðsynlegra leyfa frá yfirvöldum vegna kaupanna, eftir því sem þörf er á.

#### 4. Tengd skilyrði: skuldbindingar frá gildistöku til afhendingar hins selda

##### Varðveiting á rekstrarhæfi, markaðshæfni og samkeppnishæfni

- 4.1 Afhendingu hins selda frá tilkynnanda til kaupanda skal lokið með fullnægjandi yfirfærslu samninga og að öðru leyti í samræmi við skilyrði sáttarinnar, eigi síðar en 9 mánuðum frá gildistöku þessarar sáttar.
- 4.2 Frá gildistöku til afhendingar hins selda (hér eftir einnig nefnt „**afhendingartímabilið**“), skuldbindur tilkynnandi sig til að varðveita eða sjá til þess að varðveitt verði rekstrarhæfni, markaðshæfni og samkeppnishæfni hins selda, í samræmi við góða viðskiptahætti, og þar með skal lágmarka, eins og kostur er, hættu á að samkeppnishæfni hins selda rýrni á tímabilinu. Sérstaklega skuldbindur tilkynnandi sig til að:
- gera engar ráðstafanir sem gætu haft veruleg skaðleg áhrif á verðmæti eða samkeppnishæfni hins selda, eða sem gæti breytt eðli og umfangi starfseminnar;
  - að útvega, eða sjá til þess að útveguð verði, nægileg aðföng til að þróa hið selda í samræmi við fyrirliggjandi viðskiptaáætlanir; og
  - að gera allar sanngjarnar ráðstafanir, eða sjá til þess að allar sanngjarnar ráðstafanir verði gerðar, til að lykilstarfsmenn verði hvattir til að starfa áfram við að þjónusta hið selda, og tryggja að lykilstarfsmenn verði ekki ráðnir eða færðir til annarra starfssviða. Tilkynnandi skal, ef lykilstarfsmenn hætta engu að síður að þjónusta hinn selda rekstur í samræmi við skilmála þessarar sáttar, leggja fram rökstudda tillögu til Samkeppniseftirlitsins um að skipta viðkomandi út fyrir annan starfsmann [trúnaðarmál]. Tilkynnandi verður að geta sýnt Samkeppniseftirlitinu fram á að áformaður nýr lykilstarfsmaður sé fær um að sinna þeim störfum sem fyrri lykilstarfsmaðurinn sinnti eða átti að sinna.

##### Samningur um þjónustu á afhendingartímabilinu

- 4.3 Með það að markmiði að tryggja hnökralausa afhendingu hins selda, skuldbindur tilkynnandi sig til að veita kaupanda þjónustu á afhendingartímabilinu. Þannig verður gerður sérstakur samningur um þjónustu á afhendingartímabilinu, til viðbótar við samning um tækniþjónustu sbr. kafli 5 hér að neðan. Samningurinn um þjónustu á afhendingartímabilinu varðar eftirfarandi þjónustuþætti, á kostnað og að vali kaupanda, og skal samningurinn gilda í allt að 9 mánuði frá gildistöku:
- færsluhirðingu, þjónustu við söluaðila og tæknilega aðstoð; og
  - nýtingu á kortakerfisleyfum samrunaaðila hjá viðkomandi kortakerfum og greiðslustofnunarleyfi þeirra fyrir rekstur á hinu selda.

#### Skylda til aðgreiningar á afhendingartímabilinu

- 4.4 Á afhendingartímabilinu ber tilkynnanda skylda til að tryggja að hinum seldu samningum sé haldið aðgreindum frá rekstri samrunaaðila og tryggja, nema annað sé beinlínis leyft samkvæmt þessum skilyrðum:
- a) að stjórnendur og starfsfólk samrunaaðila hafi enga aðkomu að hinum seldu samningum (að öðru leyti en gerð er krafa um samkvæmt þessari sátt); og
  - b) að lykilstarfsmenn komi ekki að rekstri samrunaaðila eða þjónustu sem tengist samningum sem eru ekki hluti hins selda.

#### Skjaldborg á afhendingartímabilinu

- 4.5 Á afhendingartímabilinu ber tilkynnanda skylda til að tryggja innleiðingu eftirfarandi ráðstafana:

- a) **Lykilstarfsmenn** – munu sjá um samskipti við söluaðila fram að afhendingu:

Einvörðungu lykilstarfsmenn skulu sjá um samskipti við kaupanda og söluaðila, sem færast yfir til kaupanda. Að sama skapi skulu einungis lykilstarfsmenn hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga á afhendingartímabilinu.

Lykilstarfsmenn skulu starfa í eigin vinnurými sem er aðskilið öðrum vinnurýmum (kínverskir veggir) og undirrita trúnaðaryfirlýsingar til að tryggja að upplýsingar berist ekki frá lykilstarfsmönnum til starfsmanna samrunaaðila, sem ekki eru lykilstarfsmenn.

- b) **Sérvaldir starfsmenn** - skjaldborg slegið um trúnaðarupplýsingar:

Til viðbótar við lykilstarfsmenn skal einungis teymi sérvalinna starfsmanna [trúnaðarmál], sem afmarkað verður í samráði við Samkeppniseftirlitið, („**sérvaldir starfsmenn**“) fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hina seldu samninga til að tryggja óslitinn rekstur hins selda á afhendingartímabilinu (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitafni).

Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og vera óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með aðilum sem eru hvorki lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn.

Þá skulu sérvaldir starfsmenn ekki hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga á tímabilinu.

- c) **Aðrir starfsmenn samrunaaðila** – enginn aðgangur að trúnaðarupplýsingum:

Starfsmenn samrunaaðila sem hvorki eru lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hina seldu samninga á afhendingartímabilinu.

- d) **Upplýsingar um hið selda réttilega aðgreindar:**

[Trúnaðarmál] skal heimilt að taka við eða geyma upplýsingar varðandi hið selda á afhendingartímabilinu, (i) í samræmi við það sem kveðið er á um í grein 4.5, stafliði a) og

b) og (ii) vegna upplýsingagjafar sem tilkynnanda eða samrunaaðilum ber skylda til samkvæmt lögum. Slíkar upplýsingar skulu vera réttilega aðgreindar í samræmi við greinar 4.4 og **Error! Reference source not found.** og óheimilt er fyrir samrunaaðila að nýta þær að öðru leyti en að framan greinir.

e) **Viðkvæmar viðskiptaupplýsingar gerðar óaðgengilegar:**

Tilkynnandi skal tryggja, og ef þess þarf innleiða allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar (svo sem söluaðilaþóknarir og önnur viðskiptakjör) varðandi hið selda, sem eru í kerfum [trúnaðarmál] við gildistöku, verði gerðar óaðgengilegar starfsmönnum [trúnaðarmál] áður en þeir fá aðgang að slíkum kerfum [trúnaðarmál].

#### Afhending að hluta

4.6 Eigi afhending á hinu selda sér stað að hluta til telst afhendingartímabilið skv. grein 4.2 frá gildistöku til afhendingar hvers hluta hins selda. Tilvísanir í sátt þessari til afhendingartímabils taka þannig til tímabilsins frá gildistöku til afhendingar, að því er varðar hvern hluta hins selda sem afhentur er.

### **5. Samningur um tækniþjónustu eftir afhendingu**

5.1 Að ósk kaupanda, mun tilkynnandi í allt að þrjú ár frá afhendingu:

- a) veita eða tryggja að kaupanda verði veitt færsluhirðingavinnsla fyrir þá færsluhirðingu sem kaupandi veitir söluaðilum;
- b) sjá um, eða tryggja að séð verði um, skráningu kaupanda hjá viðkomandi kortakerfum á grundvelli aðallegis tilkynnanda, þannig að kaupandi geti veitt söluaðilum færsluhirðingþjónustu sem óbeinn þátttakandi að viðkomandi kortakerfi; og
- c) veita, eða tryggja að kaupanda verði veittur, aðgangur að greiðslugátt fyrir færslur á staðnum og forritunarviðmót (e. *Application Programming Interface*) fyrir greiðslugátt vegna netgreiðslna, sem gera kaupanda kleift að nota posatæki eða vefgátt til að koma upplýsingum til viðkomandi kortakerfa Visa og MasterCard til auðkenningar, heimildarumsókna og vegna samþykktara kortafærslna (e. *card based authentications, authorization and captured transactions*),

(„**samningur um tækniþjónustu**“).

5.2 Kaupandi getur sagt upp samningi um tækniþjónustu með 60 daga fyrirvara. Samrunaaðilum er óheimilt að segja upp samningi um tækniþjónustu í þrjú ár frá afhendingu. Kaupandinn skal njóta einhliða réttar til framlengingar samnings um tækniþjónustu, einu sinni, til tveggja ára til viðbótar, heildartími samnings um tækniþjónustu yrði þar með 5 ár.

#### Skjaldborg

5.3 Tilkynnandi skal tryggja að framkvæmdar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að eftir afhendingu hins selda öðlist samrunaaðilar ekki samkeppnisforskot á

grundvelli upplýsinga um rekstur kaupanda. Nánar tiltekið skal tilkynnandi tryggja innleiðingu eftirfarandi ráðstafana, ef gerður verður samningur um tækniþjónustu:

a) **Rapyd Iceland** - samkeppnisrekstur aðskilinn frá öðrum starfssviðum samrunaaðila:

Sölu- og markaðsteymi [trúnaðarmál] vegna færsluhirðingarþjónustu fyrir söluaðila með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi (sala á vörum og/eða þjónustu á Íslandi) skal innan þriggja mánaða frá gildistöku tilheyra starfssviði sem aðskilið verður frá öðrum starfssviðum samrunaaðila („**Rapyd Iceland**“).

Rapyd Iceland skal móta viðskiptastefnu sína með sjálfstæðum hætti og taka ákvarðanir um verð og önnur kjör til söluaðila, markaðsstarf og annan sölurekstur. Rapyd Iceland skal starfa í eigin vinnurými og einungis hafa takmarkaðan aðgang að tölvukerfum samrunaaðila, nánar tiltekið mun Rapyd Iceland einungis hafa aðgang að upplýsingum um þá söluaðila sem ekki færast yfir til kaupanda. Þá skulu starfsmenn Rapyd Iceland undirrita trúnaðaryfirlýsingar til að tryggja að upplýsingar berist ekki á milli starfsmanna starfssviðsins og annarra starfssviða samrunaaðila.

b) **Kaupendateymið** - sér um samskipti við kaupanda á tímabili þjónustusamnings:

Kaupendateymið skal sjá um öll samskipti við kaupanda fyrir hönd samrunaaðila á gildistíma samnings um tækniþjónustu („**kaupendateymið**“).

Kaupendateymið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda, og berast í tölvukerfi samrunaaðila frá viðkomandi kortakerfum, til að tryggja fulla þjónustu við kaupanda. Sérhver meðlimur kaupendateymis skal undirrita trúnaðaryfirlýsingu og er óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með starfsmönnum samrunaaðila sem ekki eru hluti af kaupendateymi.

Kaupendateymið fær engar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og kjör á milli kaupanda og söluaðila, frekar en aðrir starfsmenn samrunaaðila eftir afhendingu hinna seldu samninga.

c) **Sérvaldir starfsmenn** - skjaldborg slegið um trúnaðarupplýsingar:

Sérvaldir starfsmenn munu sjá um nauðsynlega stoðþjónustu til að tryggja að þjónusta við kaupanda sé í samræmi við samning um tækniþjónustu.

Sérvaldir starfsmenn skulu einungis hafa aðgang að afmörkuðum hluta tölvukerfis [trúnaðarmál] á þjónustutímabilinu, þ.e. í hverju tilviki í samræmi við starfsskyldur viðkomandi starfsmanns. Þannig skulu sérvaldir starfsmenn einungis hafa takmarkaðan aðgang að upplýsingum sem tengjast færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitaefni.

Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og vera óheimilt að deila þeim brotakenndu upplýsingum varðandi færsluhirðingarvinnslu fyrir kaupanda, sem þeir fá aðgang að í samræmi við starfsskyldur sínar, með öðrum starfsmönnum samrunaaðila en kaupendateymi.

d) **Aðrir starfsmenn samrunaaðila** - enginn aðgangur að trúnaðarupplýsingum:

Aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem tilgreindir eru í sátt þessari sem viðtakendur trúnaðarupplýsinga (í heild eða hluta) skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hið selda eftir afhendingu.

e) **Aðgangsstýringar að tölvukerfum:**

Tryggt skal með notkun viðeigandi aðgangsstýringa að aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem heimild hafa til aðgangs að trúnaðarupplýsingum hafi ekki aðgang að neinum trúnaðarupplýsingum varðandi hið selda eftir afhendingu.

Þá skal tryggt að sérvaldir starfsmenn hafi eingöngu takmarkaðan aðgang að tölvukerfum til samræmis við starfsskyldur viðkomandi. Í dæmaskyni má nefna að starfsmenn samrunaaðila sem taka á móti endurkröfum frá viðkomandi kortakerfum munu hafa aðgang að upplýsingum um endurkröfur en ekki aðgang að upplýsingum um mögulegt ólöglegt athæfi söluaðila.

f) **Upplýsingar um hið selda réttilega aðgreindar:**

Samrunaaðilum skal heimilt að taka við eða geyma nauðsynlegar upplýsingar varðandi hið selda, (i) í samræmi við það sem kveðið er á í grein 5.3, stafliði b) og c) eða (ii) vegna upplýsingagjafar sem tilkynnanda eða samrunaaðilum ber skylda til samkvæmt lögum. Slíkar upplýsingar skulu vera réttilega aðgreindar og verndaðar í samræmi við þessa grein 5.3 og óheimilt fyrir samrunaaðila að nýta þær að öðru leyti en að framan greinir.

## 6. Óháður kunnátumaður

- 6.1 Tilkynnandi skal tilnefna óháðan kunnáttumann til að sinna þeim störfum sem eru tilgreind í þessari sátt að falli í skaut óháðs kunnáttumanns. Tilkynnandi skuldbindur sig til að afhenda ekki hið selda að hluta eða heild fyrir en óháður kunnátumaður hefur verið skipaður.
- 6.2 Óháði kunnátumaðurinn skal fá greitt frá tilkynnanda fyrir störf sín á hátt sem hefur hvorki áhrif á sjálfstæði hans eða skilvirkni starfa hans. Skal tilkynnandi tryggja, eða sjá til þess að tryggt verði, að viðkomandi aðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt eftirlit sitt með trúverðugum hætti.

### Tillaga tilkynnanda

- 6.3 Eigi síðar en viku eftir gildistöku skal tilkynnandi afhenda Samkeppniseftirlitinu til samþykkis eða synjunar nafn eða nöfn þeirra einstaklinga eða lögaðila sem tilkynnandi leggur til að verði skipaður í starf óháðs kunnáttumanns.
- 6.4 Verði tillögu um óháðan kunnáttumann hafnað, skal tilkynnandi tilnefna að minnsta kosti einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila innan viku frá því að fyrri tillögu var hafnað.

### Hlutverk óháðs kunnáttumanns

- 6.5 Óháði kunnátumaðurinn skal:
- a) við skipun vera óháður samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim;

- b) hafa nauðsynlega hæfni og þekkingu til að sinna starfi sínu; og
  - c) staðfesta að hann telja ekki að hagsmunaaðrekstrar séu til staðar eða að þeir séu líklegir til að koma upp síðar.
- 6.6 Skyldur og störf óháða kunnáttumannsins verða eftirfarandi á afhendingartímabilinu:
- a) hafa eftirlit með rekstri hins selda frá gildistöku fram að afhendingu, sem aðgreind og söluhæf eining, sbr. 4. kafli;
  - b) hafa eftirlit með aðskilnaði á milli lykilstarfsmanna hins selda rekstrar og starfsfólks samrunaaðila, sem og fyrirtækja tengdum þeim, sbr. greinar 4.4 og **Error! Reference source not found.**;
  - c) hafa eftirlit með því að samrunaaðilar virði ákvæði um skjaldborg, sbr. grein 4.5; og
  - d) afhenda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um ofangreint viku fyrir afhendingu hins selda. Fari afhending fram í fleiri en einum hluta skal skýrslu skilað viku fyrir afhendingu síðasta hluta hins selda.
- 6.7 Til viðbótar skal óháði kunnáttumaðurinn í fyrstu viku desembermánaðar árin 2022, 2023 og 2024 afhenda Samkeppniseftirlitinu skriflega skýrslu sem skal innhalda upplýsingar um eftirfarandi:
- a) að samrunaaðilar virði skuldbindingar um að afla ekki að nýju þeirra viðskiptasambanda sem eru hluti hins selda, sbr. grein 2.8.
  - b) að samrunaaðilar virði samning um tækniþjónustu, sbr. 5. kafla, að því leyti sem slíkur samningur er gerður. Verði samningur um tækniþjónustu framlengdur um tvö ár til viðbótar, að vali kaupanda, skal óháður kunnáttumaður skila skýrslu um eftirfylgni samrunaaðila með þessum lið 6.7 b) í tvö ár til viðbótar, þ.e. í fyrstu viku desembermánaðar árin 2025 og 2026.
- 6.8 Óháður kunnáttumaður skal ljúka störfum þegar tímabil sem tilgreind eru í grein 6.7 eru á enda.

#### Skipti, lausn og endurskipun óháðs kunnáttumanns

- 6.9 Fáí óháði kunnáttumaðurinn lausn frá störfum sínum samkvæmt sátt þessari, áður en hlutverki hans skv. grein 6.7 lýkur:
- a) getur Samkeppniseftirlitið, eftir að hafa rætt við óháða kunnáttumanninn og tilkynnanda, farið fram á að tilkynnandi finni annan aðila til að sinna störfum óháðs kunnáttumanns samkvæmt sáttinni; eða
  - b) tilkynnandi getur, að fengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins, ráðið nýjan aðila í stað þess sem fyrir var til að sinna störfum óháðs kunnáttumanns samkvæmt sáttinni.

### 7. Endurskoðun

- 7.1 Samkeppniseftirlitið getur framlengt þær tímasetningar sem kveðið er á um í sáttinni að beiðni tilkynnanda, eða í viðeigandi tilfellum, að eigin frumkvæði.

7.2 Samkeppniseftirlitið getur einnig eftir að hafa mótttekið rökstudda beiðni frá tilkynnanda, fellt úr gildi, breytt, eða skipt út skuldbindingum sem fram koma í sátt þessari.

**8. Gildistaka o.fl.**

8.1 Tilkynnandi skal tryggja að stjórn og starfsmenn félagsins þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til að starfa eftir henni.

8.2 Sáttin tekur gildi á gildistökudegi.

8.3 Brot gegn sáttinni varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.

Fyrir hönd Rapyd Financial Network (2016) Ltd.

Arik Shtilman, forstjóri

DRAFT